

Ambáttir, amtmenn og ambassadorar Krists

Íslensk embættisguðfræði í ljósi fagmennskukenninga

Vér erum því erindrekar í Krists stað.

2Kor 5.20

Erindreki er orð sem mér hefur þótt vænt um frá bernsku. Amma Jóns Odds og Jóns Bjarna var erindreki og aldrei kölluð annað en Amma dreki.¹ Amma tvíburabræðranna var sannkallaður dreki og orðaleikurinn með að reka erindi annarra og vera dreki þóttu hin besta skemmtun. Erindreki er orð sem í minningu bernskunnar felur í sér kraft og frelsi og þetta sama orð er notað í öðru Korintubréfi um postullega þjónustu Páls. Í hinni ensku gömlu þýðingu Jakobs kónigs er ritningarversið um erindrekan þýtt með orðalaginu *ambassador of Christ*. Í þessari grein um ræði ég um þá tegund erindreksturs sem lýtur að postullegri þjónustu, að vera erindreki Krists. Einkenni erindrekans eða ambassadorsins er að reka erindi annarra og ég nota þessa mynd til að fjalla um einkenni og þróun vígðrar þjónustu íslensku kirkjunnar.²

Rannsóknarspurning þessarar greinar er hver sé embættisskilningur íslensku þjóðkirkjunnar á öndverðri 21. öld. Í greininni set ég lútherskan embættisskilning nútíðarinnar fram á þann hátt að hann sé í senn einn og margur. Embættisskilningurinn er einn vegna þess að lútherska kirkjan byggir embættisskilning sinn á biblíulegum og kirkjuhefðarlegum grunni, þar sem hin vígða þjónusta og hinn almenni prestdómur kallast á. En embættið er ekki aðeins eitt. Á siðbótartímanum var embættisstigveldi kirkjunnar einfaldað mjög og miðað við prestinn einan. Hlutverk biskupsins var skorið niður við trog og gert að súperindendenti og djáknaembættið sem eitt að vígslustigum prests var aflagt. Biskups-embættinu hefur vaxið fiskur um hrygg á síðari hluta tuttugustu aldar og djáknaþjónusta hefur nýlega verið tekið upp aftur í nýrri mynd.

Embættisskilningurinn, sem er einn, er einnig margbreytilegur vegna þess að þjónusta kirkjunnar tekur breytingum með hverri tíð og ólíkum verkefnum. Ég tel að þrír þættir undirstriki þetta hreyfiafl innan íslensks embættisskilnings á fyrstu áratugum 21. aldarinnar. Fyrsti þátturinn sem ég nefni eru samkirkjulegar samþykktir. Íslenska þjóðkirkjan hefur með Porvoo-yfirlýsingunni bundist anglíkönsku kirkjunni á Bretlandseyjum nánari böndum en áður var, sem og öðrum lútherskum kirkjum á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum. Hún tekur einnig þátt í starfi Lútherska heimssambandsins og Alkirkjuráðsins. Samkirkjulegt samtal milli kirkjudeilda ber vott um einingarviðleitni kirkna og kann því að orka tvímælis að ég flokki samkirkjuviðleitni sem margbreytileika. Til þess ber þó að líta að þegar lútherska kirkjan á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum tengdist anglíkönsku kirkjunni nánari

¹ Guðrún Helgadóttir, *Jón Oddur og Jón Bjarni*, Reykjavík: Iðunn, 1974.

² Fyrri drög þessarar greinar voru flutt sem synoduserindi 2013. Mig langar til að þakka þeim sem lögð orð inn í umræðuna og fleyttu mér þannig áfram við að skrifa greinina. Ég nefni sérstaklega Geir Waage sem benti mér á að orðið *ambassador* væri dregið af *ambactus*, eins og *ambátt*, *amt* og *embætti*.

böndum með Þorvoo-yfirlýsingunni fluttist hin vígða þjónusta meira í brennidepil en áður var og ólík viðhorf til biskupa, presta og djákna meðal aðildarkirknanna voru sett fram á kerfisbundinn hátt.³ Markmið hinnar samkirkjulegu hreyfingar er ekki einsleitni, heldur „eining í margbreytileika.“⁴ Íslenska þjóðkirkjan nú um stundir byggir embættisskilning sinn á þríþættri sýn til vígðrar þjónustu, til embættisbiskups, prests og djákna. Það er því villandi að tala einvörðungu um embættisskilning á Íslandi sem einn og hinn sama, eins og sá skilningur hafi á öllum öldum verið eins. Í því sambandi má t.d. nefna djáknaembættið, sem hér á landi styðst einkum við sænskar fyrirmyndir um þríþætt embætti biskups, prests og djákna, en í norsku kirkjunni hefur verið rætt um „dreifingu þjónustunnar“ (no. *tjenstedifferensiering*) sem vígt er til.⁵ Biskupinn, presturinn, djákninn, kantorinn og fræðarinn (no. *kateket*) eru þannig allir vígðir til þjónustu í norsku kirkjunni en aðeins þeir tveir fyrstöldu taldir til hins postullega embættis. Hin lúthersku Norðurlönd hafa því ekki að öllu leyti einn og sama embættisskilninginn og færa má rök fyrir því að á Bretlandseyjum finnist líka munur á embættisskilningi þótt samstarf kirkna á Norðurlöndum við anglíkönsku kirkjurnar þar sé náð.⁶

Í öðru lagi er embættisskilningurinn margbreytilegur vegna þess að íslenska þjóðkirkjan stendur í flóknum fjárhags- og vinnuréttartengslum við ríkið. Í þessum tengslum við ríkið birtast ólík réttindi vígðra þjóna. Í þeim tvinnast saman skilningur á störfum opinberra embættismanna, embættisskilningur játningabundins samfélags og sérstaða djákna, ýmissa sérþjónustupresta og safnaðarpresta sem standa síðan í vinnuréttarlegu sambandi við sóknir og stofnanir. Samband ríkis og kirkju og hvernig vinnuréttarsamband og skipurit hafa áhrif á embættisskilning ogeru efni í sérstaka grein, en verða ekki tekin fyrir hér.

Í þriðja lagi er embættisskilningurinn í þróun vegna þess að hann tekur til sjálfsskilnings og þróunar fagstéttar meðal annarra fagstétta sem stendur í flóknum tengslum við þann samtíma þar sem hún rekur sitt erindi. Hið vígða embætti er þannig eitt og margt, vegna þess að boðskapur og þjónusta kirkjunnar myndar rauðan þráð í gegnum söguna en verkefni, verklag og vinnuumhverfi eru ólík vegna þess að samhengið breytist með ólíkum aðstæðum hverrar aldar.

En hvað er embætti? Íslenska orðið embætti og skandinavísku orðin *embete*, *embede* og *ämbete* komu upphaflega inn í norræn mál frá keltneskum málum, þar sem *ambactus* þýddi þjónn og orðsifjatengslin eru auðsæ við orðið *ambátt*.⁷ Önnur orð sem eru leidd af *ambactus* í norrænum málum eru *amt*, *amtmaður* og *ambassador* sem ég ræddi um í upphafi máls míns.⁸ Annað orð sem gjarnan notað um hina vígðu þjónustu, einkum presta er orðið „kenni- maður“. Í þessari grein eru orðin „embætti“, „vígð þjónusta“ og „kennimennska“ notuð

³ Sjá t.d. Nordiska ekumeniska rådet, *Kyrkogemenskap i norra Europa: Borgå-overenkommen med uppsatser om kyrka og ämbete*, Uppsöllum: Nordiska ekumeniska rådet, 1993.

⁴ Sjá eftirfarandi greinar: Sven-Erik Brodd, „Den mångtydiga enheten: Några synspunkter på lokalekumenisk forskning“, *Ekumeniken og forskningen*, Nordisk ekumenisk skriftserie 20, ritstj. Sigurd Bergmann, Per Frostin, Christopher Meakin og Per Erik Persson, Uppsöllum: Nordiska ekumeniska rådet, 1992, bls. 43–56; Harding Meyer, „Unity in Diversity: A Concept in Crisis“, *Ekumeniken og forskningen*, Nordisk ekumenisk skriftserie 20, ritstj. Sigurd Bergmann, Per Frostin, Christopher Meakin og Per Erik Persson, Uppsöllum: Nordiska ekumeniska rådet, 1992, bls. 73–90.

⁵ Harald Hegstad, *Den virkelige kirke: Bidrag til ekklesiologien*, Þrándheimi: Tapir akademisk forlag, 2009, bls. 132–133.

⁶ Kjell Nordstokke, „The Diaconate: Ministry of Prophecy and Transformation“, *The Ministry of the Deacon: Ecclesiological Explorations*, ritstj. Gunnel Borgegård, Olav Fanuelsen og Christine Hall, Uppsöllum: Nordic Ecumenical Council, 2000, bls. 107–129, hér bls. 107–108.

⁷ Oscar Bandle o.fl., *The Nordic Languages: An International Handbook of The History of the North Germanic Languages* 1, Berlín: Walter de Gruyter, 2002, 686.

⁸ Halldór Halldórsson, „Mál og Menning“ [sic], *Tíminn* 8. apríl 1956, bls. 4.

jöfnum höndum um hverja og eina af hinum þremur víddum embættisins, biskup, prest og djákna og þeir jöfnum höndum kallaðir „vígðir þjónar“ og „kennimenn“.

Fagmennska presta hefur verið til umræðu í samfélaginu á undanförunum árum. Hin vígða þjónusta sem ambassadorískur erindrekstur lýtur í þessu skrifu annars vegar að því sem er *sérstætt* við postullega þjónustu og aðgreinir hana frá öðrum fagstéttum og skipuheildum, og hins vegar því sem er *líkt* með vígðri þjónustu og öðrum fagstéttum innan kirkju og utan. Aðferð mín er þríþætt: Í fyrsta hlutanum ræði ég þróun hinnar þríþættu þjónustu í íslensku þjóðkirkjunni í samkirkjulegu ljósi. Í öðrum hlutanum skoða ég kenningar um fagmennsku starfsstétta. Mikil gróska hefur verið í fagmennskurannsóknum innan skólakerfisins á síðustu árum. Eitt helsta samfélagshlutverk presta á 17.–19. öld var að annast barnafræðslu og tengsl þessara tveggja stétta voru nán á 20. öld. Ég nýti mér þess vegna fagþekkingar- umræðuna úr skólasamfélaginu í umfjöllun um presta og djákna sem fagstétt. Í þriðja og síðasta hlutanum skoða ég hirðisbréf íslenskra biskupa á 20. öld sem aldarspegla um þróun hinnar vígðu þjónustu með þeim gleraugum embættisguðfræði og fagkenninga sem ég hef sett fram í fyrstu köflunum tveimur. Ég byrja á því að velta fyrir mér hvernig þjónustan hefur breyst á síðustu öld og leita vísbendinga um embættisskilning, fagmennsku og hæfi í leit að embættisskilningi fyrir nýja tíð.

Amtmaðurinn, ambáttin og ambassadorinn í samkirkjulegu ljósi

Í hinni vestrænu kaþólsku kirkju miðalda voru vígsluþrep presta sjö. Neðri vígsluþrepin lágu frá dyraverði til lesara, þess sem rekur út illa anda og upp til ljósbera. Efri þrepin þrjú voru undirdjákni, djákni og prestur og var prestsþjónustan æðsta þrep vígslustigans.⁹ Í 5. og 13. grein Ágsborgarjåtningar er fjallað um embætti kirkjunnar og hina kirkjulegu stétt:

Til þess að vér öðlumst þessa trú, er stofnað embætti til að kenna fagnaðarerindið og úthluta sakramentunum, því að fyrir tilstilli orðsins og sakramentanna eins og tækja er gefinn heilagur andi, sem kemur til leiðar trúnni, þar sem og þegar Guði þóknast, í þeim er heyra fagnaðarerindið, sem fjallar um, að Guð, ekki vegna vorra verðleika, heldur vegna Krists, réttlæti þá sem trúna, að þeir séu teknir til náðar vegna Krists (Gal 3). Til þess að vér fyrir trúna öðlumst fyrirheitid um andann (Gal 3.14).

Enginn á opinberlega að kenna í kirkjunni eða útteila sakramentunum, nema hann sé réttilega kallaður.¹⁰

Verkefni embættisins, að kenna fagnaðarerindið og útteila sakramentunum, eru þannig skilgreind í lútherskri játningu og jafnframt tekið fram að hver kennimaður sem þessi verkefni framkvæmir skuli hafa til þess umboð. Með siðbótinni voru gerð skýr skil milli veraldlegra og andlegra regimenta. Til grundvallar þessum skilum hins andlega og veraldlega valds lá hugmyndin um hið kristna ríki sem stýrt var af kristnum fursta eða kóngi. Sven Erik Brodd lýsir því að á siðbótartímanum hafi hugmyndum um sérstakt djáknaembætti verið hafnað vegna þess að litið hafi verið á kærleiksþjónustuna sem merki um frómheit hins kristna einstaklings.¹¹ Þessar hugmyndir miðalda og síðar siðbótarmanna stinga allverulega í stúf við hugmyndir manna á Íslandi nú á tímum um ríkisvaldið.

Ef við tökum nú stórt stökk frá siðbótartímanum yfir til þróunar embættisskilnings seint á 20. öld, getum við litið á sameiginlegt hirðisbréf sem sænskir biskupar skrifuðu á biskupafundi árið 1990 um biskupa, presta og djákna í sænsku kirkjunni. Biskuparnir hefja mál sitt

⁹ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð: Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1996, bls. 65.

¹⁰ Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með inngangi og skýringum eftir dr. Einar Sigurbjörnsson*, Reykjavík: Bókaútgáfan Salt, 1980, bls. 98 og 123.

¹¹ Sven-Erik Brodd, *Diakonater: Från ecklesiologi till pastoral praxis*, Uppsöllum: Svenska kyrkans forskningsråd, 1992, bls. 49.

á sköpunarguðfræðinni, hinu almenna, guðmiðlæga og kosmíska hlutverki kirkjunnar, vegna þess að veröldin sé sköpuð af Guði.¹² Í bréfinu er bent á 5. grein Ágsborgarjátningarinnar þar sem tilgangur prestsembættisins er sagður sá að „kenna fagnaðarerindið og úthluta sakramentunum“.¹³ Samkvæmt hirðisbréfinu eru hlutverk biskupsins þau að vera leiðtogi kirkjunnar, annast eftirlit á grundvelli köllunar og vígslu, að bera ábyrgð á hinu heilaga prests- og prédikunarembætti, að vera vígslumaður presta, djákna og biskupa, að vera sálgætir presta stiftisins (lat. *pastor pastorum*), að framfylgja embætti náðarinnar, að vera einingartákn og opinber talsmaður kirkjunnar, verndari trúarinnar og sú/sá sem með Kristi biður um auðmýkt gagnvart störfum sínum.¹⁴ Í hirðisbréfinu er prestsþjónustunni lýst á þann hátt að presturinn sé þjónn orðsins á grundvelli köllunar og vígslu, boðberi hinnar lífgefandi og frelsandi nærveru Guðs í sköpun og meðal manna, sú/sá sem flytur fagnaðarerindið hreint og ómengað með leiðsögn heilags anda, miðli huggun, fyrirgefningu og tilgangi, sé verkfæri í skírinni til að tengja fólk við Krist, sé sú/sá sem hefur sakramentinu um hönd og heldur fast við sigur Krists yfir dauða.¹⁵ Djákni, í framsetningu hirðisbréfs sænsku biskupanna, er sú/sá sem miðlar kærleika Guðs meðal manna, hjálpar svöngum, sjúkum og öldrudum, verndar hin smáu, gefur hinum þöglu rödd, styður hin veiku, berst fyrir vernd sköpunarinnar og að fagnaðarerindið sé sýnilegt, huggar syrgjendur, bendir á starf guðsríkisins mitt í samfélaginu, ber neyð fólksins fram fyrir Guð og sér í Kristi þjón þjónanna þaðan sem hún/hann sækir kraft til að vera þjónn kærleikans.¹⁶ Í hirðisbréfinu er síðan haldið áfram með nánari útlistun á verkefnum hinnar vígðu þjónustu. Þar er nefnd ábyrgð biskupa á fagnaðarerindinu, tilsjónin, leiðtogastörf og vígsla og kenningarhlutverk presta rætt, litúrgísk hæfni, fræðsluhlutverk, sálusorgun og stjórnun og fjallað um kærleiksþjónustu, fræðslu, litúrgísk verkefni, stjórnun og tengslavinnu. Þar má einnig finna umfjöllun um trúnað og trúverðugleika þeirra sem embættin bera, þekkingu og innsæi, hollustu og samstöðu og að þau beri Guðsríkinu vitni með lífi sínu og starfi.¹⁷

Vígð þjónusta í sinni víðustu mynd er þannig nátengt erindi kirkjunnar (lat. *missio*) til þeirra sem í heiminum búa á hverri stund og hverjum stað. Í fyrsta Pétursbréfi er hinum trúuðu lýst sem útvöldum lýð, heilögu prestafélagi sem er kallað frá myrkri til ljóss og miskunnar. Þessar aðstæður ljóss og miskunnar kalla á nýjan sjálfsskilning samfélags sem er útvalið, konunglegt, prestslegt, heilagt og eign Drottins og þeirri sjálfsmynd ljóss og miskunnar er viðhaldið í boðun og þjónustu.

Sögulegur arfur hinnar lúthersku embættishefðar liggur í hinni tvíþættu áherslu á almennan prestdóm og vígða þjónustu. Einar Sigurbjörnsson orðar þessa sterku lúthersku áherslu á almenna prestdóminn þegar hann segir: „Prestdómur er samfélagshugtak. Prestur er alltaf til í annarra þágu, aldrei í þágu sjálfs sín.“¹⁸ Í skýrslu Alkirkjuráðsins frá 1982, *Skírn, máltíð Drottins og þjónusta*, sem gjarnan er kennd er við borgina Líma í Perú, er hin almenna þjónusta rædd áður en vikið er að hinni vígðu þjónustu. Allur Guðs lýður er kallaður til þjónustu við Guð og náungann og þiggur sjálfsskilning sinn af þeirri þjónustu.¹⁹ Í Líma-

¹² Biskopsmötet, *Biskop, präst og diakon i svenska kyrkan: Et biskopsbrev om kyrkans ämbete*, Uppsölum:, Andrén & Holms Boktryckeri, 1990, bls. 4–5.

¹³ Sama rit, bls. 16.

¹⁴ Sama rit, bls. 19–20.

¹⁵ Sama rit, bls. 23.

¹⁶ Sama rit, bls. 27–28.

¹⁷ Sama rit, bls. 47–52.

¹⁸ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð*, bls. 32.

¹⁹ *Skírn, máltíð, þjónusta: Skýrsla Trúar- og skipulagsmálanefndar Alkirkjuráðsins um skírinnu, altarisakramentið og embætti kirkjunnar, sem samþykkt var í Líma, Perú, í janúar 1982*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1983, bls. 38–39.

skýrslunni kemur fram sú skoðun að frumskylda vígðra þjóna sé „að samansafna og uppbyggja líkama Krists með því að boða og kenna Guðs orð, þjóna að sakramentunum og leiða safnaðarlífið í tilbeiðslu, vitnisburði og kærleikspjónustu“²⁰ og þar er bent á að þessum verkefnum sinni hinir vígðu þjónar ekki einir. Í Líma-skýrslunni eru settar fram reglur til leiðbeiningar um það hvernig hinni vígðu þjónustu eigi að gegna og þar eru nefndir til þrjár þættir: að vígð þjónusta sé *persónuleg* þjónusta, að hún sé *samábyrg* og loks að hún sé *samfélagsleg*. Með þessum þremur orðum eru undirstrikuð tengsl hinna vígðu þjóna sem birta návist Krists með persónulegu lífi sínu, með samábyrgð hópsins og með samspili vígðrar þjónustu og safnaðanna.²¹ Þorvoo-samkomulagið milli anglíkanskra kirkna á Bretlands-eyjum og lútherskra kirkna í Eystrasaltslöndunum og á Norðurlöndum hefst einnig á umfjöllun um erindi kirkjunnar og síðan um vígða þjóna.²²

Í skýrslu Lútherska heimssambandsins *Boðun í síbreytilegu sambengi* segir:

Holdtekja Guðs átti sér stað í ákveðnu sambengi. Á sama hátt fer boðun alltaf fram í ákveðnu sambengi – félagslegu, trúarlegu og menningarlegu. Sambengi nútímans er vissulega frábrugðið því sem ríkti í Júdeu fyrir 2000 árum. Þess vegna þarf að greina tímanna tákni og lesa samviskusamlega úr aðstæðum og umhverfi með bæn um leiðsögn.²³

Stefið um mikilvægi þess að kirkjan og þjónusta hennar rýni í þær aðstæður sem vitnisburður og þjónusta mæta má einnig lesa úr skýrslu Lútherska heimssambandsins *Þjónusta í síbreytilegu sambengi*.²⁴ Úr þessum textabrotum Lútherska heimssambandsins um erindi boðunar og kærleikspjónustu má greina tvenns konar áherslur. Í fyrsta lagi er í skýrslunum sett fram sú skoðun að mikilvægt sé að horfa af trúfesti til þess að boðun og þjónusta á sér ekki stað í tómarúmi, heldur í veruleika sem tekur breytingum og tengist efnahag, vistfræði og tengslum milli ólíkra kirkna og trúarbragða. Þetta efnahagslega, vistfræðilega og samkirkjulega samspil á sér stað í heimi hnattvæðingar, tækniþróunar og neysluhyggju, í aðstæðum þar sem skil milli ríkra og fátækra geta verið skörp og sem lituð eru af stofnanalegu og kerfisbundnu ofbeldi. Í öðru lagi er í skýrslunum tveimur vitnað til þess að þessi greiningarvinna á táknum tímanna sé upplýst af bæn. Hin gamla tvíhyggja milli hins veraldlega og hins geistlega, félagslega og andlega, pólitíska og trúarlega, er hér sett úr lagi. Í staðinn horfast höfundar skýrslanna í augu við það að holdtekja sonarins átti sér stað og stund og það á boðun og kærleikspjónusta líka. Nýjar aðstæður hins fjölhyggjulega, borgvædda ríkis, þar sem presturinn hefur ekki lengur yfirsýn yfir héraðið sitt eða getur veitt því fullnægjandi þjónustu vegna þéttbýlismyndunar og síðar borgvæðingar, kallar á nýjar áherslur í erindrekstri. Því hefur verið mætt á þrefaldan hátt í íslensku kirkjunni á undanförunum áratugum: með áherslu á almennan prestdóm, með þróun embættisskilnings prestanna og með því að endurvekja hið forna embætti djáknans. Kjell Nordstokke segir:

²⁰ Sama rit, bls. 41.

²¹ Sama rit, bls. 47.

²² *Sameiginleg yfirlýsing frá Þorvoo*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1995, bls. 15.

²³ *Boðun í síbreytilegu sambengi: Að umbreyta, setta og efla: Framlag Lútherska heimssambandsins til skilnings á boðun og framkvæmd hennar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2006, bls. 10.

²⁴ *Þjónusta í síbreytilegu sambengi: Að umbreyta, setta og efla. Framlag Lútherska heimssambandsins til skilnings á boðun og framkvæmd hennar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2012, bls. 14.

Á síðustu 1500 árum hefur kirkjan lagt næstum alla sína áherslu á skipulagslega miðstýringu, og við erum meir og meir að komast að raun um neikvæðar hliðar þessarar þróunar... Helsta verkefni kirkjunnar núna er að dreifa valdi, að gefa nýjan gaum að jaðrinum, að muna hinn biblíulega vitnisburð sem lýftir upp hinum fátæku, kúguðu og útilokuðu og muna sérstaklega hvernig Jesús mætti þessum hópum.²⁵ (Þýðing greinarhöfundar.)

Nordstokke telur að með því að vígja djákna þroski kirkjan með sér þessa jaðarsýn, vegna þess að til grundvallar liggi „vilji til að vera nálægt hinum útilokuðu, að bragða á valdleysi þeirra, hlutast á sögur þeirra sem einni útgáfu af veruleikanum og að deila sýn þeirra um það sem framtíðin getur fært.“²⁶

Hvers konar myndir túlka best slíkar hugmyndir um jaðarsýn og þjónustu kirkjunnar við alla, án tillits til efnahags eða valdastöðu? Eins og Elizabeth Johnson minnir okkur stutt og laggott á, hefur táknmál áhrif (e. *the symbol functions*).²⁷ Táknmálið er máttugt og áhrifa þess gætir á valdvensl í kirkjunni. Margir tengja orðið embættismaður við valdastöðu og má því segja að „amtið“ sem embættismanninum er treyst fyrir geri hann á einhvern hátt að amtmanni í hugum landsmanna. Amtmaðurinn gegndi háu embætti fyrr á tíð og heyrði undir rentukammer og kansellí, hann hafði vald og virðingarstöðu sem yfirfærðist á fjölskyldu hans og hann var sjálfstæður gagnvart hverjum þeim sem í amti hans bjó. Amtmannsembættið er löngu horfið á Íslandi en aðrir embættismenn lifa sem slíkir enn góðu lífi í þjóðlífi og þjóðarsál í dýnamískri spennu hins fastráðna og hins lýðkjörna. Þessi gerð hins vígða þjóns sem amt- og embættismanns birtist víða í umræðu líðandi stundar. Árið 1990 tókst prestum að fá kjör sín metin af Kjaradómi og síðar kjararáði, m.a. á þeirri forsendu að embætti þeirra líktust embætti og umsýslu sýslumanna, sem hefur styrkt enn þessi hugrenningatengsl við orðið *amt* og skapað stöðugleika í kjörum presta. Deilt hefur verið á kirkjuþingi undanfarið um réttmæti þess að prestar séu embættismenn ríkisins og njóti réttinda opinberra starfsmanna. Að einhverju leyti snúast þessar deilur um stéttarleg mál-efni, um kaup og kjör og vinnuréttarlega stöðu presta, en að sumu leyti fjalla þau líka um sjálfsskilning elstu embættisstéttar á Íslandi, þ.e.a.s. presta og biskupa. Gallar þessarar gerðar í þjóðarsálinni tengjast annars vegar fornum hugmyndum um valdníðslu valdsmannsins og hins vegar hugmyndunum um andóf embættismannsins gegn hinum lýðkjörnu fulltrúum. Á öld eins og þeirri sem við lifum á, þar sem ójöfnuður hefur aukist og þörfin á líknarþjónustu og félagslegt réttlæti er knýjandi eins og Kjell Nordstokke bendir okkur á, er valdsmaðurinn óheppileg uppskrift að embættisskilningi.

Í leit að nýjum fyrirmyndum hefur hugurinn gjarnan reikað yfir til ambáttarinnar sem mótvægis við valdsmennsku amtmannsins. Orðið *embætti* er orðsifjalega skylt orðinu embátt og leggja má þann skilning í orðið að það tengist starfsemi hinnar ánaudugu konu. Þessi tengsl embættishugtaksins og ambáttarinnar hafa verið rómuð í ræðu og riti síðustu tvo áratugina.²⁸ Ambáttin er að öllu leyti andstæða amtmannsins. Kristnu fólki er móðurmyndin töm þegar dregin er upp mynd af kirkjunni. Ambáttin ber með sér móðurímynd líka og, eins og Delores S. Williams bendir á, hefur sú móðir gjarnan verið notuð sem útungunarvél fyrir þrælahaldarann og brjóstmóðir og fósra frjálsborinna barna.²⁹ Hún er þjónusta og sinnir öllum þörfum þeirra sem eiga hana til borðs og sængur. Þegar ambáttin talar getur

²⁵ Kjell Nordstokke, „The Diaconate“, bls. 123.

²⁶ Sama rit, bls. 128.

²⁷ Elizabeth A. Johnson, *She Who Is: The Mystery of God in Feminist Theological Discourse*, New York: Crossroad Herder, 1998, bls. 5.

²⁸ Einar Sigurbjörnsson, *Embættisgjörð*, bls. 49; Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson, „Embætti og almannaveill“, sótt af: <http://tru.is/postilla/2009/01/embætti-og-almannaheill>, 9. júlí 2015; Svavar A. Jónsson, „Þjóðkirkjuþankar“, sótt af: <http://tru.is/pistlar/2011/10/thjodkirkjuthankar>, 9. júlí 2015; Sigurvin Jónsson, „Kirkjugestir eða prestastefna“, sótt af: <http://sigurvin.annal.is/2013-04-14/predikun-flutt-i-neskirkju-14-april-2013/>, 9. júlí 2015.

²⁹ Delores S. Williams, *Sisters in the Wilderness: The Challenge of Womanist God-Talk*, Maryknoll: Orbis Books, 1993, bls. 34–83.

hún aðeins haft eftir það sem eigendurnir hafa lagt fyrir hana, því að í þrælasamfélaginu á hún enga rödd. Hún er ekki einstaklingur heldur eign.

Gerðirnar tvær, amtmáðurinn og ambáttin mynda andstæðuparið vald og valdaleysi í kirkjunni. Þau eru einkennilega kyngervð líka, önnur gerðin undirstrikar það sem helst er eignað karlmönnum í tvíhyggjuhugsun Vesturlanda, sjálfræði, frelsi og vald einstaklingsins, en hin, ambáttin, stendur hins vegar fyrir það sem helst er eignað konum í sömu hugmynda-kerfum, þjónustulund og ófrelsi til líkama og sálar. Angela Bauer geldur varhug við hugmyndum sem upphefja þjónustu og þrælalund, ekki síst í samhengi femínískrar guðfræði (*ebed* á hebresku og *doulos* á grísku). Bauer segir:

Kynþáttur og stétt hafa áhrif á það hvernig *ebed-* og *doulos-*orðfæri Biblíunnar er túlkað nú á dögum... Þjónn var gjarnan notað sem veigrunarorð yfir þræl á þeim tíma sem Ameríka var heimsveldi. Og eftir að þrælunum var gefið frelsi hefur það verið hlutskipti þeldökks fólks og fátæks hvíts fólks að þræla sem „þjónar“ hjá þeim sem eignirnar áttu. Það er nauðsynlegt að greina vandlega þessa upphafningu ánaugarinnar (e. *glorification of servitude*) ... slá varnagla við guðfræðinni sem liggur að baki henni og spyrja hvort eitthvað af þessu hnigi í átt til frelsis.³⁰ (Þýðing greinarhöfundar.)

Embættisskilningurinn er ekki einn og óskiptur og hjá einum ríkir amtmannsskilningurinn en hjá öðrum ambáttarskilningurinn. Ljóst er að amtmannsskilningurinn er á hröðu undan- haldi á Íslandi vegna þeirra orsaka sem ég hef rakið. Jafnframt tel ég víst að ambáttar- skilningurinn geti ekki tekið við af amtmannsskilningnum vegna þess að slík samsemd dregur upp rómantíska mynd af þrælalundi sem jákvæðu og eftirsóknarverðu hlutskipti og slík „upphafning ánaugarinnar“ hnígur ekki í frelsisátt. Annar ágalli á því að lýsa embættinu sem ánauðugri ambáttarvinnu getur verið sú að skil og mörk hinnar vígðu þjónustu og hinnar óvígðu verði ekki skýr.

Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að það sem hefur sameinað vígða þjónustu frá upphafi vega láti ekki undan í hinu margbreytilega kröfusafni samtímans til vígðrar þjónustu sem ambáttar? Þegar samsemdin við almenna prestdóminn verður alger tapast söguleg einkenni hinnar postullegu þjónustu. Sjálfstæði hinnar vígðu lúthersku þjónustu getur þá stökktbreyst yfir í hreint safnaðarræði (e. *congregationalism*) eða yfir í sterkt, miðstýrt biskups- vald, sem er það sem lúthersku siðbótarfrömuðirnir vildu allra mest forðast. Annar framtíðarmöguleiki er sá að litið verði á presta og djákna sem ómynduga þjónustuaðila sem best verði fyrir komið undir stjórn framkvæmdastjóra með sérhæfingu í rekstri, eins og vinnuveitendasamband norsku kirkjunnar hefur lagt áherslu á í umræðum um hin nýju kirkjulög þar í landi.³¹ Amtmanns- og ambáttarskilningurinn virðist bjóða okkur upp á tvö ólík viðhorf til vígðrar þjónustu sem hvortveggja geta leitt embættisskilninginn í ógöngur og staðið erindisrekstrinum fyrir þrifum.

Og þá vík ég að þriðja *ambactus-*orðinu, ambassadornum eða erindrekanum, til að leita jafnvægis í þessu stigveldi milli valds amtmannsins og valdleysis ambáttarinnar. Ég hef áhuga á að kanna hvernig hægt sé með þessari myndlíkingu að varðveita sérleik og myndug- leik hinnar vígðu þjónustu, og jafnframt sækja vind í segl með því að gefa gaum að líkindum kennimennskunnar með öðrum fagstéttum, þar sem hæfi, færni og fagmennska er í forgrunni.

³⁰ Angela Bauer, „Servant/Slave“, *Dictionary of Feminist Theologies*, ritstj. Letty Russell og J. Shannon Clarkson, Louisville, Westminster: John Knox Press, 1996, bls. 256.

³¹ Umsagnir við: *Veivalg for fremtidig kirkeordning*, Oslo: Kirkerådet, 2015, sótt af: <https://kirken.no/globalassets/kirken.no/om-kirken/slik-styres-kirken/kirkeordningen/veivalg-horing-2015/veivalg-horingssvar-andre-instanser/kirkens-arbeidsgiver-og-interesseorganisasjon.pdf> 8. júlí 2015.

Kennimennska og fagmennska

Embættið var að dómi Lúthers eitt af sjö einkennum kirkjunnar, en þau eru voru Guðs heilaga orð, skírinn, altarissakramentið, lykvalaldið (skriftir og aflausn), embættið, bænin og hinn heilagi kross.³² Embættið er númer fimm í röðinni hjá Lúther og hann telur að biskupar, hirðar og prédikarar séu nauðsynlegir kirkjuskipaninni til að hafa umsjón með þeim fjórum einkennum sem á undan fara embættinu í röðinni, þ.e. orðinu, sakramentunum og skriftunum. Lúther skrifar:

Hvað myndi gerast ef allir vildu tala og hafa sakramentin um hönd og enginn viki fyrir öðrum? Treysta þarf einhverjum einum fyrir þessu embætti og að aðeins honum leyfist að prédika, skíra, veita aflausn og fara með sakramentin. Aðrir ættu að setta sig við þessa tilhögun og samþykka hana. Og þar sem þið sjáið þetta gert, skuluð þið vita að lýður Guðs, hin heilagi kristni lýður er til staðar.³³ (Þýðing greinarhöfundar.)

Í umfjöllun sinni um embættið segir Lúther að heilagur andi hafi undanskilið konur, börn og „óhæft fólk“ frá þessu hlutverki nema í neyðartilfellum, en valið hæfa karlmenn og einnar konu eiginmenn til að gegna því. Lúther klykkir út með skorinorðri hæfniskröfu til prests-embættisins: „Í stuttu máli verður það að vera hæfur og kallaður karlmaður.“³⁴ Lúther rökstyður mál sitt um kynbundnar og hjúskaparstöðulegar hæfniskröfur til prestsembættis með því að vísa í 1Kor 14.34 um að konur skuli þegja á safnaðarsamkomum og Ef 4.8 um einkvæna biskupa. Íslenska þjóðkirkjan hefur vígt konur til prestsstarfa frá 1974 og greinir sig þannig bæði frá biblíulegum viðhorfum Pálsbréfa og viðhorfum Lúthers. Það sem hins vegar er áhugavert fyrir efni þessarar greinar er áhersla Lúthers á mikilvægi þess að prestar séu ekki einungis rétt kallaðir, heldur einnig hæfir til embættis. Lúther, í áðurnefndri upptalningu sinni á hinum sjö einkennum kirkjunnar, leggur áherslu á að hinn vígði þjónn þurfi (auk réttu æxlunarfæranna) að þekkja vel til heilagrar ritningar og vera fær um að „prédika Guðs orð, ekki gegn Guðs orði.“³⁵ Hann er fáorður um það í hverju hæfi prestsins felist en ver hins vegar löngu máli í að tala um ýmsar birtingarmyndir óhæfra, fákunnandi og siðlausra þjóna eins og hann telur sig hafa kynnst þeim í kirkju sinnar samtíðar. En þá má spyrja, ef vígðir þjónar þurfa ekki aðeins að uppfylla skilyrði til köllunar, heldur líka hæfis, eins og Lúther segir, hvað gerir fólk þá hæft til vígðrar þjónustu? Hvert er það hæfi sem leitað er eftir nú á dögum og hvernig er hægt að halda við hæfi og færni vígðra þjóna á tíð sem krefst örrar starfsþróunar?

Sterka áherslu á fagmennsku má sjá í viðleitni Prestafélags Íslands við að sinna símenntunarmálum fyrir vígða þjóna, mennta þá sem fagmenn og halda við þeirri þekkingu með fagþróun. Kenningar um fagþróun fagstétta er allviðamikilið fag og þar skipa vígðir þjónar sér á bekk með öðrum fagstéttum, s.s. læknum, hjúkrunarfræðingum, kennurum og félagsráðgjöfum, svo að nokkur dæmi séu nefnd, stéttum tiltekinnna sérfræðinga með sérhæfða þekkingu, og tengjast þeir öðrum fagstéttum með samábyrgð og samvinnu.³⁶ Eitt af því sem helst einkennir sjálfsmynd slíkra fagstétta eru siðareglur sem þær setja sér, *codex ethicus*, sem verður til á lifandi hátt í samræðu félagsmanna sem vilja samsama sig tiltekinni fagstétt. Þessar siðareglur eru ekki settar af yfirmönnum og þær eru ekki fyrst og fremst agatæki yfirmanna, heldur öllu heldur leið fagstéttarinnar til sjálfsskilnings, afmörkunar og

³² Marteinn Lúther, *Luther Works XXXXI: Church and Ministry*, útg. Eric W. Gritch, Philadelphia: Fortress Press, 1966, bls. 150–166.

³³ Sama rit, bls. 154.

³⁴ Sama rit, bls. 154.

³⁵ Sama rit, bls. 155.

³⁶ Sjá Andrew Abbott, *The System of Professions: An Essay on the Division of Expert Labor*, Chicago og London: Chicago University Press, 1988.

ögunar félagsmanna sinna. Sigurður Kristinsson fjallar um þennan sjálfskilning fagstéttar sem „frumskuldbindingu starfsgreinar.“

Hinn siðferðilegi þáttur starfsdygðanna stendur vörð um frumskuldbindingu hvernar starfsgreinar. Hann birtist í því að fólk tekur í öllu starfi sínu mið af þeim skyldum sem starfið felur í sér og vikur ekki frá þeim markmiðum sem starfið setur. Frumskuldbindingin leggur til mælikvarðann á framfarir á hverju starfssviði því að starf telst betur unnið eftir því sem frumskuldbinding þess er betur uppfyllt.³⁷

Prestafélag Íslands setti félagsmönnum sínum siðareglur sem tengdust sjálfsskilningi og starfsháttum þeirra sem fagstéttar árið 1994 og þær voru endurskoðaðar 1997 og 2007. Kirkjuþing setti siðareglur fyrir alla starfsmenn kirkjunnar í launaðri og ólaunaðri þjónustu 2009 og undirstrikaði þannig samsemd hinnar vígðu og óvígðu þjónustu. Prestafélagið lagði niður meirihlutann af siðareglum félagsins 2012 í kjölfar siðareglna kirkjuþings og hefur síðan einungis haft siðareglur um samskipti presta innbyrðis. Í ljósi þess hversu siðareglur og fagmennska eru nátengd, er það áhyggjuefni að íslenskir prestar skuli ekki lengur hafa sérstakar siðareglur og síðanefnd þeirra agi ekki lengur sína eigin félagsmenn nema þeir brjóti hver gegn öðrum. Vel fer á því að tiltekin fjölmenn hreyfing, eins og kirkjan í vígðri og óvígðri þjónustu sinni, sem og sjálfboðaðþjónustu, setji sér siðareglur en slíkar reglur hreyfingarinnar hljóta að vera almennari og einfaldari en þær sem gilda eiga um fagstétt sem standa þarf vörð um eigin frumskuldbindingar. Það er einnig áhyggjuefni að prestar og djáknar skuli ekki hafa samið sínar eigin reglur, heldur komi þær með valdboði frá stjórnvaldi sem hefur lítið með fagmennsku stéttarinnar að gera. Hér hefur að mínu viti miðstýringin rutt burt ögun stéttarinnar á sjálfri sér.

Er lausnina á vanda embættisskilnings nútímans að finna í ásýnd fagmannsins? Hvaðan kemur hugmyndin um fagmennsku? David Crook rekur upphaf hugmynda um fagmennsku til kirkjumanna á miðöldum sem menntaðir voru í dómkirkjuskólunum.³⁸ Crook lýsir því hvernig einvaldar og hefðarmenn hafi smám saman orðið háðari starfsstéttum eins og líflæknum og bartskerum um heilsu sína og lögfræðingum og skriffinum við stjórnun. Hugmyndir um ambassadorinn sem fagmann hafi orðið til á sama tíma. Crook rekur að við hirðir hafi áður fyrr orðið til ýmsar stéttir sem þróuðust yfir í nokkurs konar starfsstéttir, s.s. kokkar og hljóðfæraleikarar.³⁹ Aðrir sem Crook telur upp sem nokkurs konar starfsstéttir voru ljósmæður og þau sem notuðust við hefðbundnar lækningar. Crook segir frá því að nokkrir ítalskir og franskir háskólar hafi átt mestan þátt í að skapa hinar þrjár hefðbundnu fagstéttir í læknisfræði, lögfræði og guðfræði. Crook rekur síðan þróun ýmissa stétta, s.s. verkfræðinga, prófessora og loks blaðamanna, fram í byrjun 20. aldar.⁴⁰ Hann segir frá því hvernig R.H. Tawney gerir greinarmun á milli „industry“ og „profession“. Muninn telji Tawney vera þann að fyrrnefnda hópnum tilheyri þau sem eru fyrst og fremst að hugsa um að afla fjár með verki sínu en síðarnefndi hópurinn fjalli um „þjónustuna sem þau inni af hendi“. ⁴¹ Crook byggir þetta á skilgreiningum Tawneys og telur fram komna nýja umræðu um fagmennsku, um það sem þjóni faginu og það sem teljist ófaglegt, sama hversu miklir peningar séu í húfi. Hann fjallar um þróun hugtaksins frá því um 1930, þegar starfsstéttir fóru í vaxandi mæli að stofna samtök sín. Loks bendir Crook á að með tilkomu Internetsins, ódýrra bloggmiðla og samskiptamiðla á borð við Facebook og Twitter hafi

³⁷ Sigurður Kristinsson, *Siðareglur*, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1991, bls. 22.

³⁸ David Crook, „Some Historical Perspectives on Professionalism“, *Exploring Professionalism*, ritstj. B. Cunningham, London: Institute of Education/Bedford Way Papers Edition, 2008, bls. 10–27.

³⁹ Sama rit, bls. 12.

⁴⁰ Sama rit, bls. 15.

⁴¹ Sama rit, bls. 15.

völd fagmanna að einhverju leyti minnkað vegna þess að tók þeirra á orðræðu samfélagsins séu ekki jafn sterk og áður.⁴² Crook telur að á nýrri tíð skipti máli að fagmennska sé lýðræðisleg (e. *democratic professionalization*).

Geoff Whitty tekur í sama streng og Crook og telur mikilvægt að fagmennska taki mið af nýjum aðstæðum. Hann bendir á að G. Millerson telji fagmennsku einkennast af fjórum þáttum: 1) færni sem byggð er á fræðilegri þekkingu, 2) menntun og þjálfun í þessari færni sem er vottuð með prófum, 3) siðareglum sem miða að almannahag, 4) sterkum starfsstéttarsamtökum.⁴³ Whitty rekur þróun fagmennsku og gerir skóla og kennslu að sérstöku umræðuefni:

Lýðræðisleg fagmennska er í eðli sínu næm fyrir röddum ýmissa aðila sem til þessa hafa verið þöglir við að taka ákvarðanir um skólamál. Með lýðræðislegri fagmennsku er leitast við að létta dularljómanum af starfi fagmanna og búa til bandalög milli kennara og hópa sem áður voru útilokaðir, nemenda, foreldra og fólks úti í samfélaginu, með það fyrir augum að búa til lýðræðislegra skólakerfi og síðan opnara samfélag.⁴⁴ (Þýðing greinarhöfundar.)

Ef færa má orð Whittys af skólanum yfir á kirkjulegt samhengi, þá felst lýðræðisleg fagmennska í kirkjustarfi í því að fletja út stigveldið milli presta og sóknarfólks, þannig að raddir þeirra sem þjónustuna þiggja fái að hafa áhrif á starf prestsins. Fagmenn sem líta á starf sitt í ljósi lýðræðislegrar fagmennsku eru þannig, með orðum Whittys, „hvatar breytinga frekar en fórnarlömb breytinga“.⁴⁵ Þess vegna tel ég að í embættisskilningi sem byggist á hugmyndum um lýðræðislega fagmennsku þurfi felast það sem Sigurður Kristinsson kallaði „frumskuldbindingu starfsstéttar“ og að sá erindisrekstur sé skilgreindur ólíkt þeim sem kenndur er við þjónustu ambáttarinnar. Mikilvægt er að hugsað sé um þróun, þroska og úthald fagkvenna og fagkarla með því að sjá þeim fyrir handleiðslu, símenntun, hvíld og með því að búa þeim aðstæður þar sem þau brenna ekki upp í starfi. Í þrælasamfélaginu átti eigandi ambáttarinnar rétt á líkama hennar hvar sem er og hvenær sem er. Það á söfnuðurinn eða stofnunin ekki, en þessir aðilar njóta hins vegar faglegrar umsjár vígðrar þjónustu. Fagmennska vígðra þjóna byggist á því að þjónninn geti axlað ábyrgðina af erfiðu starfi þar sem miklar kröfur eru gerðar og hann/hún geti sett mörk af festu jafnt sem góðvild. Kennimaðurinn í sínu þrefalda embætti hefur sem fagmaður metnað í starfi sínu en kemur jafnframt fram við þau sem honum/henni er treyst fyrir af virðingu og sem jafningja. Spurningin um embættisskilning í upphafi 21. aldar fjallar því í mínum huga ekki um það hvort hinn vígði þjónn sé fagmaður eða ekki, heldur hvernig fagmennskan hjálpar við það að uppfylla kröfur, standast gagnrýni, mæta óraunhæfum kröfum og forðast útbruna. Um slíkar spurningar ættu prestar ekki aðeins að ræða í eigin hópi, heldur fara í smiðju annarra stétta sem líka velta fyrir sér fagmennsku í lýðræðislegri umræðu og fagþekkingu sem byggist á stjórnunar-, leiðtoga-, stefnumótunar-, mannauds- og fagmennskufræðum.

Í næsta kafla þessarar greinar skulum við stíga skref til baka og skoða embættisskilning 20. aldar, eins og hann kemur fyrir í hirðisbréfum íslenskra biskupa. Með því að nota hirðisbréfin sem aldarspegil liðinnar tíðar kynnumst við nokkrum af tækifærum og hindrunum sem hirðisbréfin vitna um. Um leið má þar mögulega finna rætur og frjóanga að faglefum erindrekstri sem gæti nýst okkur í eigin samtid.

⁴² Sama rit, bls. 19–23.

⁴³ Geoff Whitty, „Changing Modes of Teacher Professionalism: Traditional, Managerial, Collaborative and Democratic“, *Exploring Professionalism*, ritstj. B. Cunningham, London: Institute of Education/Bedford Way Papers Edition, 2008, bls. 28–49.

⁴⁴ Sama rit, bls. 44.

⁴⁵ Sama rit, bls. 45.

Kennimennska í ljósi hirðisbréfa íslensku kirkjunnar á 20. öld

Eftir hvers konar hæfi kölluðu biskuparnir hjá vígðri þjónustu tuttugustu aldar? Við skulum skyggjast í hirðisbréf biskupanna í leit að fjölpættri sýn á embætti þjónustunnar, sem *ambactus* Krists. Hirðisbréfin gefa vitaskuld ekki viðhlítandi mynd af öllu því kirkjulífi og öllum þeim embættisskilningi sem var við lýði á þeim tíma. En þau gefa mikilsverðar vísbendingar um upplifun biskupanna af því sem þeir telja vera tákna tímanna og hvernig þjónustan mætir samtíðinni. Þannig má líta á þau sem mikilvægar stíkur á þeirri leið að mæla samhengi hinnar vígðu þjónustu á hverri tíð. Biskuparnir eru framan af fáorðir um eigin biskupsþjónustu og djáknaþjónustan leit ekki dagsins ljós í kirkjunni fyrr en á síðustu áratugum aldarinnar, þannig að embættisskilningurinn í fyrstu bréfunum er fyrst og fremst miðaður við hlutverk prestsins.

Fyrsta hirðisbréf tuttugustu aldar er bréf Þórhalls biskups Bjarnarsonar sem hann sendi prestunum í stuttu og persónulegu sendibréfsformi árið 1909. Fræðslulögin nýju og hinar nýju aðstæður prestanna, sem losnuðu nú undan almennt fræðsluskyldu, voru þær samfélagsaðstæður sem Þórhallur setur fram hirðisbréf sitt í. Þórhallur telur að menningarlegt líf þjóðarinnar og hið andlega hafi verið borið uppi af prestum í átta aldir en nú sé komin upp ný staða með fræðslulögunum.⁴⁶ Hin nýja kennarastétt taki nú við hinu veraldlega fræðsluhlutverki prestanna, sem þeir höfðu sinnt í tvær aldir. Þessa nýju þróun fræðslunnar telur Þórhallur vera „sjálfsagt menningarspor“ og heldur áfram: „Eftir stendur hið upphaflega og óbreytanlega, það hið mikla og háleita köllunarverk prestanna, að boða Guðs ríki meðal manna.“⁴⁷ Hann hvetur til umbóta, eggjar prestana áfram til að varðveita hinn fornhelga kristna sið, sem merkisberar og arftakar þessarar trúarhefðar. Í hirðisbréfi Þórhalls má sjá greinileg merki um miklar breytingar á prestsembættinu, þar sem störf sem áður voru á hendi presta færast yfir á hendur skólans. Svar hans við þessum umbreytingum er að hvetja presta til að horfa til þeirra starfa sem liggja til grundvallar postullegu embætti og taka fagnandi því að fleiri axli nú ábyrgð á fræðsluhlutverkinu. Hér má greina áherslur um sérhæfingu presta og samstarf við aðrar fagstéttir.

Bréf Jóns Helgasonar kemur út í bókarformi árið 1917 í heimsstyrjöldinni miklu og er titlað *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*.⁴⁸ Jón hvetur presta til að beita sér fyrir skreytingum í kirkjunni. Jón telur að prestar verði að beita áhrifum sínum til að efla listvitund þjóðarinnar og að þeir eigi að vera talsmenn kirkjuhússins. Jón vill líka að prestar bæti kirkjusönginn og stuðli að hátíðlegri og uppbyggilegri guðsþjónustum.⁴⁹ Fyrir Jóni er prédikun „aðalstarf prestsins“ og hann brýnir fyrir prestunum mikilvægi þess að prédikunin svari trúarþörf safnaðarins. Jón telur ekki endilega að prestar kasti höndum til prédikana, eða að þær séu illa fluttar, heldur að tilvistarsamhengi prédikunarinnar hafi breyst. Hann spyr: „Fá söfnuðirnir í prédikunum vorum þá leiðbeiningu, til að greiða úr vandaspurningum lífsins, sem þeir þrá heitast? Tölum vér af prédikunarstólnum þá tungu sem nálægur tími skilur? Eru prédikanir vorar fyllilega tímabærar?“⁵⁰ Jón hvetur prestana til að flytja prédikanir sem eru Kristsmiðlægar, fagnaðarríkar, tímabærar og lifandi vitnisburður.⁵¹ Hann leggur líka mikla áherslu á að prestar prédiki „í viðurlögum hver hjá öðrum“ og að þeir auki

⁴⁶ Þórhallur Bjarnarson, „Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi“, *Kirkjuritið* 6/1970, bls. 242.

⁴⁷ Sama rit, bls. 242.

⁴⁸ Jón Helgason, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, Reykjavík: [án útgefanda], 1917.

⁴⁹ Sama rit, bls. 15.

⁵⁰ Sama rit, bls. 16.

⁵¹ Sama rit, bls. 17–20.

samvinnu sín á meðal.⁵² Auk prédikunarinnar leggur Jón áherslu á að prestarnir sinni æskulýðnum og fermingarstarfinu og efla altarisgöngur meðal kirkjufólks. Hæfnin sem Jón kallar eftir hjá prestum þjóðkirkjunnar á sinni tíð hverfist annars vegar um verkefni sem eru sérstök fyrir kirkjulegt umhverfi, kirkjulist, nýja áherslu á messusönginn, æskulýðsstarf og prédikun, en leggur einnig áherslu á samstarf, íhugun í starfi og stéttarvitund sem eru sameiginleg stef fleiri fagstétta.

Hirðisbréf til presta og prófasta á Íslandi eftir Sigurgeir Sigurðsson biskup kemur út tveimur vikum fyrir hernám Breta á Íslandi 1940.⁵³ Það er bænin sem stendur hjarta Sigurgeirs næst og hann hvetur prestana til að lifa og miðla öflugu bænalífi.⁵⁴ Sigurgeir tæpir á því framfarastarfi sem prestarnir hafa sinnt í gegnum tíðina í menningarmálum en vikur síðan að því starfi sem er mikilvægast öllu starfi prests utan kirkju að hans dómi, þ.e. sálusorgarahlutverkinu.

Prestar á Íslandi lifa meira lífi fólksins, en flestar, ef ekki allar, aðrar stéttir í þjónustu hins opinbera... Það er því mikilvægt að sérhver prestur geri sér far um að skilja þessa hlið á starfi sínu og þroska sig til þess, sem bezt hann getur. „Prédikunin á stéttunum“ er enn í sínu fulla gildi og verður án efa alltaf.⁵⁵

„Prédikunin á stéttunum“, sem Sigurgeir nefnir svo, hið óformlega samtal prests og safnaðar, á sér ekki síst stað í húsvitjunum prestsins að hans dómi og hann leggur mikla áherslu á það að prestar vitji á heimilum, bæði með sálusorgun, vináttu og til að komast í samband við börn og unglunga.⁵⁶ Áhersla hans á að prestar leitist við að „skilja“ og „þroska“ sig sem sálusorgarar sýnir fagumræðu og hæfnisáherslu í hans biskupstíð. Hann ræðir um mikilvægi þess að fræða æskulýðinn um trúna.⁵⁷ Hann endar mál sitt á að ræða um að kirkjan eigi að taka virkan þátt í atvinnu-, framfara-, mannúðar-, heilbrigðis-, slysavarna-, áfengis- og líknamálum.⁵⁸ Ekki er alltaf skýrt hvenær biskuparnir eru að tala til presta og hvenær til kirkjunnar sem heildar, t.d. í því hver eigi að beita sér í líknarþjónustunni, atvinnumálum og ytri framfaramálum byggðanna. Þannig slær kirkju- og embættisskilningi stundum saman. Allmikill munur er á framsetningu Jóns og Sigurgeirs hvað áherslur og hæfi varðar, Jón undirstrikar menntun presta og prédikunarembætti en Sigurgeir sálusorgun, bæn og samfélagsþjónustu.

Ásmundur Guðmundsson gefur út sitt hirðisbréf til presta og prófasta á Íslandi árið 1954. Ásmundur talar um leit að tilgangi við aðstæður eftirstríðsáranna: „Djúpan sálarfrið skortir. „Sálin verður á eftir“, eins og frumstæðir menn komast að orði óttaslegnir á löngu ferðalagi.“⁵⁹ Ásmundur hvetur til andlegrar vakningar og telur kristindómsfræðslu barna og unglunga vera lykilatriði í því sambandi, fermingarfræðslu og æskulýðsstarf.⁶⁰ Hann er eini biskupinn af þeim níu sem ég rannsakaði sem vísar stöðugt í skýrslur presta máli sínu til stuðnings og talar við þá á grundvelli skýrslanna í gjörvöllu hirðisbréfi sínu. Hann mælir tímamann sem prestar verja til kristindómsfræðslu í samanburði við annað sem tími þeirra fer í. Ásmundur ítrekar vægi húsvitjana, ekki síst vegna fræðslusjónarmiða, og nefnir sálgæslu og bæn sem mikilvæg verkefni prestsins.⁶¹ Ásmundur endar hirðisbréf sitt á að ræða um

⁵² Sama rit, bls. 20.

⁵³ Sigurgeir Sigurðsson, *Hirðisbréf til presta og prófasta á Íslandi*, Reykjavík: Gutenberg, 1940.

⁵⁴ Sama rit, bls. 22.

⁵⁵ Sama rit, bls. 28–29.

⁵⁶ Sama rit, bls. 29.

⁵⁷ Sama rit, bls. 34.

⁵⁸ Sama rit, 36–37.

⁵⁹ Ásmundur Guðmundsson, *Hirðisbréf til presta og prófasta á Íslandi*, Reykjavík: Gutenberg, 1954, bls. 11.

⁶⁰ Sama rit, bls. 17.

⁶¹ Sama rit, bls. 20–24.

líknarþjónustuna og áréttar mikilvægi hennar bæði á Íslandi og á erlendri grundu í heimssambandi kirkna.⁶²

Í hirðisbréfi Sigurbjörns Einarssonar árið 1960 kveður við nýjan tón því að bréfið er ekki stílað á presta og prófesta, heldur til „presta og safnaða á Íslandi“. Í stað þess að tala við hvern prest og prófast í eintölu eins og Þórhallur gerði, eða presta og prófesta í fleirtölu eins og Jón, Sigurgeir og Ásmundur gerðu, þá ávarpar Sigurbjörn hvern safnaðar meðlim í annarri persónu eintölu. Hirðisbréf Sigurbjörns er kirkjumiðlægt og fjalla fyrstu fjórir kaflarnir um verkefni kirkjunnar sem heildar, viðhorfið til Biblíunnar, boðun orðsins og ólíkar guðfræðistefnur en hinir síðari um guðsþjónustuna, æskulýðsstarfið, samband ríkis og kirkju og loks tengsl prests og safnaðar. Hann hefur áhyggjur af einangrun presta og telur að húsvitjanirnar í þéttbýli séu prestunum ofviða vegna fjölmennis. Sigurbirni er líka andleg einangrun presta hugstæð og hvetur söfnuðina til að styðja þá og næra.⁶³

Sigurbjörn kallar prestinn „boðbera“ í bréfinu og segir að í boðberahlutverkinu felist spenna þess að boða Guðs orð og vita jafnframt að enginn maður veldur þeirri boðun. Sigurbjörn segir:

Hver boðberi hlýtur sí og æ að spyrja sig: Er ég sannur í þjónustu minni, er boðun mín sú sem Guð ætlast til? Og nú er kirkjan samfélag þar sem enginn stendur einn sér. Slík grundvallarspurning sem þessi getur því aldrei orðið aðeins að einkamáli hvers um sig, þótt hún sé það líka og fyrst og fremst. Vér spyrjum líka hverjir aðra og hver um annan, kirkjan í heild spyr sjálfa sig.⁶⁴

Boðberamynd Sigurbjörns er ein mynd ambassadors-/erindreka hlutverksins sem ég hef lýst í fyrri köflum, hlutverks prestsins sem er sendur til fólksins með erindi frá Guði. Sigurbjörn lýsir boðberanum í spennu milli þess að hafa háleit markmið og verkefni og vita jafnframt að undir þeirri ábyrgð rís enginn. Sömu spennu má heyra í fagkenningum kennara, sem finnst að þeir gætu alltaf unnið meira og lengur í þágu nemendanna. Leið Sigurbjörns í spennunni miðri er að benda á samfélag kirkjunnar, þar sem líðan og verkefni eins þjóns stendur alltaf í samhengi við aðra. Kennararnir láta sér hins vegar ekki nægja að spyrja, heldur benda á leiðir gegn útbruna eins og að setja mörk, fá fræðslu, hafa aðgang að símenntun, segja öðrum frá og gera grein fyrir verkefnunum með íhugunum og starfendarrannsóknum.⁶⁵

Í hirðisbréfi Sigurbjörns frá 1960 er hvergi minnst á embætti djákna. Það er allsérstakt í ljósi þess að fyrsta djáknavígsla, svo að vitað sé á Íslandi frá siðbót, átti sér stað árið eftir að hirðisbréfið kemur út. Þá var leikmaður og oddviti sóknarnefndar í Grímsey var vígður og honum sett erindisbréf til að vera sóknarprestinum til aðstoðar, syngja tíðir, skíra í forföllum sóknarprests, húsvitja, standa fyrir barnastarfi og annast ráðgjöf við sóknarborn.⁶⁶ Sigurbjörn rekur í Kirkjuritinu 1961 að hann hafi valið að vígja djákna að frumkvæði sóknarprestsins á staðnum, séra Péturs Sigurgeirssonar, vegna erfiðra prestsþjónustuaðstæðna í Grímsey, en ræðir ekki hvernig skilgreina eigi djáknaembættið í Grímsey gagnvart öðrum vígðum embættum.⁶⁷ Íslenskur djákni sem hafði hlotið menntun í Svíþjóð var ráðinn til starfa í Reykjavík á sjöunda áratugnum, sá þriðji var vígður í lok áttunda áratugarins og sú fjórða í Svíþjóð á níunda áratugnum. Segja má að samfelld djáknaþjónusta hefjist ekki fyrr

⁶² Sama rit, bls. 36–37.

⁶³ Sama rit, bls. 184.

⁶⁴ Sigurbjörn Einarsson, *Ljós yfir land: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1960.

⁶⁵ Sjá Rosie Le Cornu, „Building Resilience in Pre-Service Teachers“, *Teaching and Teacher Education* 25, 2009, bls. 717–723, og M. Tait, „Resilience as a Contributor to Novice Teacher Success, Commitment and Retention“, *Teacher Education Quarterly*, haust, 2008, bls. 57–75.

⁶⁶ Sigurbjörn Einarsson, „Erindisbréf“, *Kirkjuritið* 5/1961, bls. 204–205.

⁶⁷ Sigurbjörn Einarsson, „Djáknavígsla í Grímsey“, *Kirkjuritið* 5/1961, bls. 193–195.

en við vígslu fimm djákna árið 1995, eftir að djáknanám hafði verið tekið upp í guðfræðideild Háskóla Íslands 1993 og djáknaembættið túlkað sem hluti hins sögulega, vígða embættis í fornkirkjunni að sænskri fyrirmynd. Þegar djáknaembættið er þannig tekið upp/endurvakið sem hluti þríþætts embættis í íslensku kirkjunni, er þess vegna verið að túlka nýjar aðstæður, þar sem ríkið er ekki lengur í jafn sterkum tengslum við kristna kærleikþjónustu og áður var. Við þessar aðstæður þótti brýnt að færa vitjun hinna veiku, öldruðu og einmana, baráttuna fyrir umhverfisvernd og mettun hinna hungruðu inn í hjarta hins vígða embættis.

Pétur Sigurgeirsson fylgir dæmi forvera síns, semur hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi árið 1986 og ávarpar lesandann í eintölu. Pétur segir frá tilraunum með opnunartíma sóknarkirkju sinnar á Akureyri í því augnamiði að efla aðgengi fólks að kirkjunni.⁶⁸ Leiðarstef hinna opnu kirkju og hins innra kristniboðs setur mark sitt á allt hirðisbréfið. Telur Pétur vígslu kvenpresta til marks um stækkaða gátt kirkjunnar. Pétur nefnir einnig stétt djákna og er það í fyrsta sinn sem það er gert í íslenskum hirðisbréfum tuttugustu aldar. Hann telur að það sé mikill fengur að þeirri safnaðarþjónustu sem djáknarnir veita, enda um að ræða „ein elstu embættisstörf kirkjunnar“.⁶⁹ Pétur vísar til hins almenna prestdóms og leikmannahreyfingarinnar en víkur síðan að prestsþjónustunni. Pétur víkur að altarisakramentinu sem mikilvægum þætti í þjónustu prestsins og vitnar síðan í orð Hallgríms Péturssonar um starf prestsins í messunni: „Hvað gerir sá þjónn, þegar hann messar?/ Hann afleysir, predikar, biður og blessar.“⁷⁰ Pétur fléttar embættisskilning Hallgríms saman við fjórfalt postulahlutverk þess að „boða fyrirgefningu, predika Guðs orð, biðja í Jesú nafni og lýsa velþóknun Guðs yfir mönnunum,“⁷¹ hann ræðir hlutverk prófesta sem ráðgjafa, verkstjóra og tilsjónarmanna sóknarpresta og sóknarnefnda innan síns umdæmis.⁷² Pétur fjallar einnig um vígslubiskupana tvo sem verið var að tengja Hólastað og Skálholtsstað nánari böndum á þeim tíma sem bréfið er ritað. Hann lýsir ánægju sinni með þá þróun en telur þó mikilvægt að gæta þess að eining kirkjunnar verði ekki rofin, enda sé það hið helsta biskupshlutverk.⁷³ Hirðisbréfin eru framan af öldinni fáorð um embætti biskupsins en þeim mun uppteknari af að segja frá verkefnum prestsins og kirkjunnar í heild. Nýjar kirkjuáherslur í þá átt að tengja vígslubiskupana hinum fornu stólum, vígja og ráða djákna, sem fram koma í biskupstíð Sigurbjörns og Péturs, slá því nýjan tón um mikilvægi þess að skilgreina ekki aðeins prestsembættið, heldur vígðu þjónustuna í heild.

Ólafur Skúlason gaf út hirðisbréf sitt *Við tímamót* árið 1997. Í titlinum kemur ekki fram hverjum bréfið er ætlað en snemma í bréfinu tiltekur Ólafur að hann skrifi það handa prestum og söfnuðum.⁷⁴ Stíllinn er frekar í formi lýsingar en í samtalsformi, enda enginn ávarpaður í bréfinu. Ólafur ritar bréf sitt við tímamót kristnitökuháttíðarinnar en tímamót breytinga á íslensku þjóðlífi og kirkju eru honum einnig ofarlega í huga. Ólafur nefnir að þjónustan hafi breyst mikið þann tíma sem hann hafi starfað í þjóðkirkjunni, með auknu þéttbýli. Hann nefnir sérþjónustu presta og djákna, aukið sjálfstæði þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu og aukin fjárráð sóknanna sem jákvæða þróun í kirkjumálum.⁷⁵ Ögranirnar sem

⁶⁸ Pétur Sigurgeirsson, *Kirkjan öllum opin: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Biskupsembættið, Reykjavík, 1986, bls. 11.

⁶⁹ Sama rit, bls. 90.

⁷⁰ Sama rit, bls. 86.

⁷¹ Sama rit, bls. 86.

⁷² Sama rit, bls. 91.

⁷³ Sama rit, bls. 91–92.

⁷⁴ Ólafur Skúlason, *Við tímamót: Hirðisbréf Ólafs Skúlasonar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1997, bls. 7.

⁷⁵ Sama rit, bls. 48–51.

Ólafur tilgreinir liggi í flóknara skipulagi þjónustunnar í þéttbýlinu þar sem prestarnir séu margir, þurfi að læra að vinna saman og takmarka þjónustuna við eigin sókn í stað þess að sinna prestsverkum um allar trissur.⁷⁶ Eins og Sigurbjörn nefnir Ólafur einangrun presta, sérstaklega á landsbyggðinni, og aðstæður prestsfjölskyldunnar í samfélagi þar sem ekki er lengur sjálfsagt að maki prests fylgi henni/honum til starfa hvert á land sem er. Ólafur nefnir einnig starfsþjálfun prestsefna sem mikilvægt skref í að tryggja kirkjunni „sem hæfasta starfsmenn.“⁷⁷ Tilvísun Ólafs til starfsþjálfunar til að tryggja hæfni er dæmi um nýjar áherslur í kirkjunni í átt til aukinnar fagmennsku. Starfsþjálfun djákna er ekki nefnd og umræðan um vígða þjónustu er að mestu leyti enn miðuð við veruleika prestsstarfsins.

Nýjasta hirðisbréf íslensku þjóðkirkjunnar er frá árinu 2001, hirðisbréf Karls Sigurbjörnssonar, sem ber yfirskriftina *Í birtu náðarinnar: Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*. Með titlinum heldur Karl við hefð Sigurbjörns um að ávarpa söfnuðina ekki síður en prestana. Nú eru hins vegar prestarnir og hinir landfræðilegu söfnuðir horfnir úr titlinum og íslenska kirkjan sem heild ávörpuð. Karl hefur mál sitt á því að tala um postullegt embætti sem „sendiboða“ og kirkjuna sem „sendiför“.⁷⁸ Þessi líking af hinum vígða þjóni sem sendiboða kallast á við mynd Sigurbjörns af boðberanum og ambassadors- og erindrekahtutverkið sem ég hef haldið fram í þessari grein.

Hirðisbréf Karls sker sig úr meðal annarra hirðisbréfa síðustu hundrað ára að því leyti að umræðan um hina vígðu þjónustu er í meira jafnvægi en áður. Í bréfinu er ekki vitnað til djáknaþjónustu og biskupsþjónustu í framhjáhlaupi, heldur er undirköflum varið til að ræða hvern þátt hinnar vígðu þjónustu. Kaflanum um þjónustuna er raðað upp á svipaðan hátt og gert er í Líma-skýrslunni. Karl byrjar á almenna prestdómnum og gengur út frá því að „skírinn sé hin æðsta vígsla“.⁷⁹ Hann lýsir hinni vígðu, postullegu þjónustu sem „studningskerfi“ almenna prestdómsins frekar en „valdakerfi“ og tengir orðið *embætti* orðsifjafræðilega við orðið *ambátt*.

Orðið embætti er stórt orð og hátíðlegt. Ósjálfrátt setjum við það í samband við háttsetta opinbera starfsmenn. Frummerking orðsins er þjónusta. Það er af sömu rót og orðið ambátt. Ég vil að við notum þetta ofhlaðna orð, „embætti“, sparlega og af varúð og minnumst þessarar frummerkingar: Þjónusta, en ekki tignarstaða. Og þó er sú þjónusta æðsta tign, já eina raunverulega tignarstaða á jörðu er að líkjast Jesú Kristi.⁸⁰

Um leið og Karl leggur áherslu á embættið sem frænku ambáttarinnar og samsemd hinnar vígðu og óvígðu þjónustu má einnig finna þar nýjar áherslur í umræðunni um embættið. Umfjöllun Karls um hina vígðu þjónustu er undir sterkum áhrifum frá Líma-skýrslunni og áherslur hennar um hina persónulegu, samábyrgu og samfélagslegu vígðu þjónustu liggja til grundvallar umfjöllunar hans um mikilvægi stéttvitundarinnar, samábyrgðar þjónanna.⁸¹ Eins og ég hef áður getið um, má lesa ólíkar áherslur í hirðisbréfunum um fagmennsku og kennimennsku hveurrar tíðar en hirðisbréf Karls sker sig úr hvað varðar ítarlega umfjöllun um vígða þjónustu biskupa, presta og djákna og fagmennskuorðræðu þessara starfsstétta. Þetta gerir hann með því að gera grein fyrir menntun, starfsþjálfun og símenntun presta, að nauðsynlegt sé að prestar hafi aðgang að sálusorgara, njóti faghandleiðslu og eigi kost á að samræma fjölskyldulíf og starf.⁸²

⁷⁶ Sama rit, bls. 52.

⁷⁷ Sama rit, bls. 53.

⁷⁸ Karl Sigurbjörnsson, *Í birtu náðarinnar: Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001, bls. 85.

⁷⁹ Sama rit, bls. 113.

⁸⁰ Sama rit, bls. 130.

⁸¹ Sama rit, bls. 130.

⁸² Sama rit, bls. 131.

Hirðisbréfin geyma mikinn fróðleik um hinn fjölþætta embættisskilning á Íslandi. Að mínum dómi færa þessi níu hirðisbréf okkur mikilvæg skilaboð um embættisskilning á órólegum tímum mikilla þjóðfélagsbreytinga og gefi vísbendingar um það hvernig hægt sé að þróa erindisrekstur vígðrar þjónustu sem fagstéttar á nýrri öld. Sigurbjörn, Pétur og Karl leggja allir áherslu á hinn almenna prestdóm. Þeir skilgreina vígða þjónustu sem þjónustu til eflingar hinum almenna prestdómi í ríki Guðs. Hirðisbréf Þórhalls sýnir okkur tíma þegar prestsstarfið er að breytast með tilkomu fræðslulaganna og nýjar áherslur koma fram. Hirðisbréfin á fyrri helmingi síðustu aldar undirstrika ábyrgð biskupsembættisins á prestsþjónustunni, sem er mikilvægt að taka með sér til nýrrar tíðar. Við heyrum af kirkjumíðlægni Sigurbjörns og Karls, áherslu Sigurgeirs og Péturs á bænina og sálusorgunina, ákall Jóns og Ásmundar um að prestarnir hlúi að kirkjunum, fegri þær og efli sönglífið. Sigurgeir hvatti til þess að prédikun ætti sér stað á „stéttunum“ og kannski á slík guðfræðibylting í hinu opinbera rými sér einmitt stað núna þegar margir prestar eru farnir að nýta sér blogg, vefsíður og samfélagsmiðla til að koma boðskap á framfæri og tengjast öðrum. Jón og Ásmundur töluðu báðir um „tímanlegar prédikanir“, að tala inn í samtímann. Æskulýðurinn var hið mikla áhugamál Sigurgeirs, Ásmundar og Sigurbjörns. Ásgrímur talaði við prestana í gegnum skýrslurnar þeirra og lagði þær til grundvallar því sem hann vissi og þekkti af starfi þeirra og verkahring. Hjá Karli má síðan finna nýjan tón þar sem þarfir hinna vígðu þjóna, hvað varðar símenntun, fjölskyldutengsl og samábyrgð, eru komnar meira í forgrunninn en áður. Hér má finna nýjar áherslur fagmennskunnar sem einkenna á fagstéttir biskupa, presta og djákna.

Í hirðisbréfi Karls biskups má finna ambáttarhugmyndina sem ég hef gagnrýnt í þessari grein en jafnframt „sendiboðann“ eða ambassadorinn. Vísbendingarnar úr hirðisbréfunum gefa okkur hins vegar ekki aðeins eitt þar andstæðna, sem við getum kallað amtmanninn og ambáttina. Þar er líka að finna byrjunina á nýrri vídd sem vel getur nýst okkur í leitinni að embættisskilningi hinnar vígðu þjónustu á næstu árum. Þetta er mynd fagmannsins, sem myndar ákveðið mótvægi við togstreituna milli amtmannsins og ambáttarinnar.

Embættisskilningur og fagstéttarskilningur er ekki sama hugtakið, þótt skörunin sé mikil. Í greinarlok höfum við þrjár myndir hinnar vígðu þjónustu í hendi sem allar tengjast orðinu embætti, þ.e. amtmáðurinn, ambáttin og ambassadorinn. Af *ambactus*-orðunum þremur, amt, ambátt og ambassador, er sá síðastnefndi heppilegastur að mínu viti sem mynd embættisskilningsins í okkar samtíð, vegna þess að ambassadorinn býr hvorki yfir ofurvaldi amtmannsins né markast af valdaleysi ambáttarinnar. Embættisskilningur byggist á postulegu erindi, sendiför til safnaðarins, sem vígðum þjónum hefur verið treyst fyrir frá fyrstu tíð kirkjunnar og afhendist með vígslu. Ambassadorinn, erindreki Krists, býr yfir myndugleik og andlegu valdi sem honum/henni hefur verið afhent í kirkjulegri hefð. Vald ambassadorsins kemur frá öðrum og það er hlutverk hans að koma boðskap þess aðila á framfæri í ókunnu landi. Páll postuli lýsti embætti sínu forðum sem því að vera erindreki Krists. Í ljósi orða Whittys um fagmenn skólanna sem eru „hvatár breytinga frekar en fórnarlömb breytinga“, þá tel ég mikilvægt að fylgjast með því hvernig vígð þjónusta þróast í átt til aukinnar fagmennsku.⁸³ Það er von mín að embættisskilningur íslensku kirkjunnar verði áfram einn og margur og að vígðir þjónar kirkjunnar megi vera frjálsir, lýðræðislegir og fagmannlegir kennimenn, erindrekar og „ömmudrekar“ nýrrar kynslóðar á Íslandi.

⁸³ Whitty, „Changing Modes of Teacher Professionalism“, bls. 45.